



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

11. árgangur 1. tbl.

Janúar 2014



ÞORRABLÓT GNÚPVERJA 2014



ÞORRABLÓT GNÚPVERJA VERÐUR HÁLDIÐ Í ÁRNESI
FÖSTUDAGINN 24. JANÚAR. HÚSIÐ VERÐUR OPNAÐ
KL.20:00 OG DAGSKRÁIN HEFST STUNDVÍSLEGA
KL.20:45 MIÐAVERÐ ER **KR. 6.500,-**

HÆGT ER AÐ PANTA MIÐA OG SENDA KVITTUN Á NETFANGIÐ:

thorrablotgnupverja@gmail.com

EINNIG TAKA EFTIRFARANDI VIÐ

MIÐAPÖNTUNUM:

Guðni S: 856-1136/486-6111

Bjössi S: 869-7588/486-6550

Ella S: 897-4625

HÆGT ER AÐ LEGGJA INN FÝRIR MIÐUNUM Á

REIKNINGSNÚMERIÐ: kt. 231062-5569 0152-05-260602

MUNIÐ AÐ SENDA KVITTUN Á NETFANGIÐ thorrablotgnupverja@gmail.com

MIÐAPANTANIR ÞURFA AÐ BERAST FÝRIR ÞRÍDJUDAGSKVÖLDIÐ 21. JANÚAR

AFHENDING MIÐA FER FRAM Í ÁRNESI FIMMTUDAGINN 23. JANÚAR

MILLI KL.18-20

**ATHUGIÐ AÐ ÞETTA ER „POKABALL“ ÞAR SEM EKKI ER
LENGUR BAR Í HÚSINU. EKKI VERÐUR SALA Á GOSI.**

ÞORRABLÓTSNEFNDIN



FEDGARNIR
LABBI OG BASSI
SJÁ UM
DANSINN



Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is
Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. feb. 2013.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.



**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Kíkið á nýju bækurnar!

Opið öll fimmtudagskvöld kl.20:00—22:00.

Munið að alltaf er hægt að skila um lúguna!



S: 486-5505 www.gegnir.is

bokasafn@skeidgnup.is



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 892- 8804 - Neyðarsími 112

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Þjórsárskóli

Skeiða- og Gnúpvjarhreppi

Fréttir frá Þjórsárskóla

Jólaferð í skóginn

11. desember fórum við í árlegu jólaferðina okkar í skóginn. Veðrið var yndislegt, hiti um frostmark, lygnt og jólasnjócoma.

Þegar við komum inn í skóg tók hress og kátur jólasveinn á móti okkur, skyr-gámur. Við sungum og dönsuðum með honum kringum jólatréð. Síðan var farið í fyrirmælaleiki.

Í skýlinu tóku þær Sigrún, Hrafnhildur og Biddý á móti okkur með heitum lummum, piparkökum og kakó og eftir að allir höfðu borðað sig sadda fóru sumir að leita að jólatré með foreldrum sínum og aðrir að leita að efniviði til þess að nota í skreytingar í skólanum. Enn ein vel heppnuð ferð í skóginn er að baki en hver þeirra skapar margar góðar minningar. Það eru forréttindi að hafa svona

fallegt umhverfi til þess að nota í útikennslu.



Jólaundirbúningur

Þriðjudaginn 17. desember fengu allir í skólanum að borða smákökur sem nemendur höfðu bakað í heimilisfræði með Sigrúnu. Lagt var á borð í salnum og allir fengu kakó og smákökur.

Það var notaleg stund á aðventunni. Stofur voru skreyttar og nemendur skrifuðu jólakort. Litlu jólin voru svo 20. desember. Þá voru lesnar jólasögur, kveikt á kertum og farið í pakkaleik.



Stórbætt íþróttaaðstaða í Árnesi

Mér þykir ástæða til að hrósa Ungmennafélagi Gnúpverja og sveitarstjórn fyrir frábært framtak í kaupum og uppsetningu á stillanlegum körfuboltakörfum og boltamörkum í Árnesi. Einnig má þakka Sigga Kára í Öxl sem sá um hönnun og smíði. Þetta stórbættir aðstöðu til íþróttakennslu við Þjórsárskóla auk þess sem almenningur getur nýtt þennan tækjakost líka. Með kærri kveðju.
Bente Hansen.



Gleðilegt nýár.
Bolette og Kristín.

Leið 76

**Strætó frá Árnesi
kl. 16:22 að Flúðum**

Strætó á Selfoss

**Ný leið
um Árnes
með Strætó**

**frá Flúðum kl. 17:02
frá Sandlækjarholti
kl. 17:11**

Alla virka daga!

**Uppl. hjá
www.straeto.is**

ALLA VIRKA DAGA

Frá Árnesi

tvisvar á dag.

kl. 7:27 og 16:22

Frá Sandlækjarholti

kl. 7:34 og 16:29

Frá Sandlækjarholti

kl. 7:36 og 16:31

Koma í Árnes

kl. 7:43 og 16:38

**Farið frá Félagsheimilinu Árnesi
(strætómerkinu!)**

**Fjölbrautarskólanemendur og aðrir geta geymt bíla
sína á planinu við Félagsheimilið, nóg pláss!**

Frekari upplýsingar www.straeto.is

Fargjöld greidd í Leið 72

**Strætó á Selfoss frá Flúðum alla virka
daga 17:02 og 17:11 frá Sandlækjarholti!**

Um áramót 2013-2014

Síðastliðið ár hefur á margan hátt verið íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps farsælt þegar á heildina er litið. Íbúum fjölgar, atvinnustig nokkuð gott og maður finnur fyrir bjartsýni og jákvæðni hjá sveitungunum.

Sveitarstjórn hefur eins og undanfarin ár samþykkt ýmsar framkvæmdir sem sveitarstjórinn okkar hefur borið hitann og þungann af að koma í framkvæmd. Lokið er að mestu framkvæmdum við ljósleiðarann. Skipt var um glugga í félagsheimilinu og hreppsskrifstofunni í Árnesi að hluta. Tjaldsvæðin í Árnesi og í Brautarholti voru rafvædd og eru nú bæði komin í útleigu til einkaaðila. Sú leiga mun skila til baka kostnaði við rafvæðinguna sem og skapa atvinnu og tekjur til annarra í ferðaþjónustu.

Fyllt var upp í skurði við íþróttavöll og lagfærðar frárennislislagnir frá byggðinni í Brautarholti. Löngu tímabært verkefni.

Í sorphirðumálum erum við í þróunarverkefni í samvinnu við íbúa og Sjálfseignarstofnunina í Skafttholti. Eins og margir vita er Skeiða- og Gnúpverjahreppur framarlega í flokkun sorps. Nú höfum við stigið en eitt skref fram á við og í stað þess að flytja lífrænt hráefni langar leiðir til jarðgerðar þá eru allir þeir sem hafa aðstöðu til þess byrjaðir að endurvinna eða farnir að jarðgera sjálfir. Sótt er lífrænt hráefni til þeirra sem ekki hafa aðstöðu og efninu ekið í Skaftholt þar sem kunnáttumenn breyta því í úrvals moltu.

Skipulagsmál hafa tekið góðan tíma. Á annan tug óska um breytingar á aðal- eða deiliskipulagi. Flest öll mál fara ágreiningslítið í gegn. Í örfáum tilfellum er um ágreining að ræða.

Unnið er að rammaskipulagi fyrir Þjórsárdal. Þar eru miklir atvinnumöguleikar í ferðamennsku. Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá eru líkur á því að ferðamenn flykkist í Dalinn. Fjöldi stórkostlegra staða - en eins og reynslan hefur kennt þá þarf að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn svo að náttúruperlurnar sem fólk vill svo gjarnan sjá, skemmist ekki.

Við berum ábyrgð á þeim stöðum sem eru í okkar umsjá. Hvort sem við erum landeigendur, umráðamenn lands, starfsmenn sveitarfélaga eða ríkis.

Ferðaþjónustan er ört vaxandi grein í sveitarfélaginu og skapar mörg störf. Með fjölgun ferðamanna og lengingu ferðatímabilsins verður auðveldara fyrir fólk að hafa atvinnu við ferðaþjónustu allt árið.

Þrátt fyrir að margir horfi til ferðaþjónustunnar sem vaxtarsprota atvinnulífsins þá þarf hún að dafna í sátt við það atvinnulíf sem fyrir er. Eins er mikilvægt að auka fjölbreytni atvinnulífsins. Til að blómlegt mannlíf dafni þarf kröftugt atvinnulíf og til að það þrífist ekki síður mikilvægt að grunnstoðirnar séu öflugar. Ég óska íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem og öðrum gleðilegs árs. Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti.

Félagsfundur Búnaðarfélags Gnúpverja
verður haldinn 27. janúar í
Félagsheimilinu Árnesi kl 20:30.

Dagskrá:

Stjórn sækist eftir umboði vegna
iðnaðarbyggingar.

Kveðja. Stjórnin.

Lítið notað þrekhjól og jeppadekk til sölu!!

Nú er tækifærið!

Vetrarútsalan hafin!

Þetta lítið notaða þrekhjól er til
sölu, verð 15.000 kr.

Einnig er ég með 8 stykki af 16"
jeppadekkjum sem ég vil láta frá
mér. Sum dekk eru heilleg og
prúttuð verður á staðnum.

Upplýsingar í síma

897-1112.



VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og plokkun.

Tímamantanir í síma: 856-1599



Opnunartími gámasvæða í vetur!

Árnes: þriðjudaga kl 09:00 - 10:30

laugardaga kl 10:00 - 12:00



Brautarholt: miðvikud. kl 09:00 – 10:30

laugardaga kl 13:00 - 15:00


Opið verður fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á báðum gámastöðvunum. Ef farga þarf dýrahæjum utan auglýsts opnunartíma **hikið ekki** við að hafa samband í síma **893-4426**.

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og við Áhaldahúsið í Árnesi!

Leggings, leggjur eða gammósiur

Þægilegar og flottar buxur fyrir konur á öllum aldri.

Líttu við í saumakjallaranum í Skarði og fáðu sérsaumað í þína stærð.



Upplýsingar í síma 863 9689.
Kveðja góð,
Vilborg í Skarði



Sárabót— fyrir alla. Góða minkakremið komið aftur!

Sárabót er alhliða græðandi smyrsl unnið úr minkafitu og íslenskum jurtum. Það hefur gert kraftaverk á exemi, útbrotum og er mjög gott fyrir brunasár. Sárabót er bæði fyrir menn og skepnur.

Höfum til sölu þetta frábæra krem.
Katrín og Stefán, Ásaskóla.
S: 4866047 - 8986047- 8658776.



52. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi þriðjudaginn 10. desember d 2013 kl. 13:00.

Mætt til fundar : Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Harpa Dís Harðardóttir og Gunnar Örn Marteinnsson. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Björgvin Skafti oddviti setti fund og óskaði hann eftir að bæta á dagskrá einum lið. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð. Svo reyndist ekki vera.

1. Kynning á mögulegri fjölgun vindmylla á Hafinu. Margrét Arnardóttir frá Landsvirkjun, Haukur Einarsson frá verkfræðistofunni Mannvit og Eysteinn Einarsson frá verkfræðistofunni Mannvit mættu á fundinn. Margrét greindi frá því að unnið er að af hálfu Landsvirkjunar að vísindalegum rannsóknum á vindorku sem virkjanakosti hér á landi. Auk þess er unnið að mati á umhverfisáhrifum. Ísland er talið vera hagkvæmur kostur til virkjunar vinds. Hugsanlegt er að fjölga vindmyllum á Hafinu innan við Búrfell á næstu árum. Þar er aðstæður taldar hagstæðar meðal annars vegna ríkjandi vindátta. Áætlað er að afkastamestu vindmyllur sem þar verði reistar geti framleitt allt að 3 megawött. Margrét benti á þann kost að framkvæmdir við vindmyllur væru algerlega endurkræfar. Endingartími vindmylla er áætlaður 25 ár. Landsvirkjun hyggst sækja um leyfi til að setja niður 80 metra hátt mastur sem notað verður til mælinga í eitt ár.

2. Fundargerð 65. fundar Skipulags og bygginganefndar Uppsveita bs. Mál nr. 9. 10 og 11 þarfnast staðfestingar. Mál nr. 4 lagt fram til kynningar.

Mál nr. 9 DSKBR Réttarholt/Árnes

Sveitarstjórn samþykkir breytingu á deiliskipulagi Réttarholts og Árness. Samkv. 2 mgr 43. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Sem meðal annars felur í sér breytingu á staðsetningu tengingar við þjóðveg. Samþykkið er með fyrirvara um endanlegt samþykki Vegagerðarinnar.

Mál nr. 10 Sumarhús Stóra-Núpi.

Máli vísað aftur til Skipulags- og bygginganefndar.

Mál nr. 11 Íbúðarhús Vestra- Geldingaholti.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti 4.000 m² lóð úr landi Vestra-Geldingaholts undir íbúðarhús og bílskúr með fyrirvara um samþykki Vegagerðar við fyrirhugaða vegtengingu og niðurstöðu grenndarkynningar fyrir íbúum Eystra-Geldingaholts. Með vísun í 48. gr skipulagslaga nr 123/2010.

3. Breyting á áður samþykktri verðskrá 2014. Samþykkt að falla frá áður ákveðnum hækkunum á leikskólagjöldum.
4. Fjárhagsáætlun lokaumræða. Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun ársins 2014 auk áætlunar til ársins 2017.

Tekjur og afkoma á árinu 2014 eru áætlað eftirfarandi:

Útsvar nemi 175,4 mkr.

Fasteignagjöld 189,1 mkr

Tekjur frá Jöfnunarsjóði 41,7 mkr

Rekstrarniðurst. A-hluta tekjur umfram gjöld 38,5 mkr

Rekstrarniðurst. samstæðu A og B-hluta tekjur umfram gjöld 38,3 mkr

Handbært fé frá rekstri A-hluti 50,4 mkr.

Handbært fé frá rekstri samstæðu 60,4 mkr.

Næsta árs afborganir langtímalána 5,3 mkr.

Veltufjárhlutfall verði 2,02 og eiginfjárhlutfall 86 %

Fjárfestingar eru áætlaðar fyrir 32,5 mkr. Meðal framkvæmda verður nýtt gámasvæði við Árnes og endurnýjun þaks á grunnskóla.

Áætluð rekstrarniðurstaða á árinu 2015 er 38,6 mkr á árinu 2016 38,0 og 2017 37,4 mkr, Fjárhagsáætlun 2014-2017 samþykkt samhljóða.

5. Tillaga um markaðsstyrk til fyrirtækja í sveitarfélaginu. Oddviti kynnti tillögu um markaðsstyrk. Styrkur verði að hámarki 250.000.

6. Fundargerðir Skólanefndar nr 28 og 29. Frestað var til næsta fundar að samþykkja lið 2 í fundargerð 30. Skólastefna til næsta fundar.

Fundargerðir að öðru leyti samþykktar.

7. Heilsuefning starfsmanna HSU. Erindi hafnað.

8. Beiðni um frystingu fasteignagjalda AK. Bygg. - Erindi hafnað.

9. Samningur við leigutaka um Árnes. Sveitarstjóri lagði fram drög að samningum við Rósu Kristínar Benediktsdóttur fyrir hönd óstofnaðs félags um veitingaaðstöðu í félagsheimilinu Árnesi og tjaldsvæði við Árnes. Samþykkt með fjórum atkvæðum að fela sveitarstjóra að ganga frá samningum við væntanlegan leigutaka. Gunnar Örn Marteinsson sat hjá.

10. Erindi Neseýjar ehf. vegna lóða í iðnaðarhverfi við Árnes.

Erindi Neseýjar hljóðar upp á beiðni um úthlutun lóða nr. 3,5,9,4,6,8 og 10 við Suðurbraut við Árneshverfi. Oddviti og sveitarstjóra falið að ræða við fulltrúa Neseýjar um þarfir félagsins fyrir lóðir.

11. Breytingar á samþykktum Skeiða- og Gnúpverjahrepps síðari umræða. Um er að ræða tillögur að breytingu á 40. gr samþykktu sveitarfélagsins er lúta að stjórnnum og nefndum. Breytingar samþykktar samhljóða.

12. Stjórnarfundur Skipulags og byggingafulltrúa uppsveita BS:

Fundargerð samþykkt.

13. Samningur við Skaftholt sf um lífrænt hráefni. Þarfnast staðfestingar. Samningur staðfestur með fyrirvara um að Skaftholt sf hafi öðlast tilskilin leyfi til jarðgerðar.

14. Brunavarnir Árnassýslu. Lánamál.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur samþykkir að veita Brunavörnum Árnassýslu, sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda og hlutfallslega ábyrgð miðað við eignarhluti 1. janúar 2013 í Brunavörnum Árnassýslu vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 300.000.000 kr. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og veitir sveitarstjórnin lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.

Er lánið tekið til að fjármagna höfuðstöðvar félagsins, sem fellur undir láns-hæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn skuldbindur hér með sveitarfélagið sem einn af eigendum Brunavarna Árnassýslu til að selja ekki félagið að neinu leyti til einkaaðila. Fari svo að Skeiða- og Gnúpverjahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnassýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Skeiða- og Gnúpverjahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta. Jafnframt er Kristófer A. Tómassyni, sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps, kt. 060865-5909, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

15. Áhaldahús, húsnæðismöguleikar. Máli frestað.

16. Héraðssambandið Skarphéðinn. Beiðni um styrk. Þar sem Héraðssambandið er styrkt af sveitarfélögum á Suðurlandi í gegnum Héraðsnefnd er erindi hafnað.

17. Rangárhöllin. Beiðni um styrk. Samþykkt var með fjórum atkvæðum að veita styrk að fjárhæð 300.000. Oddur G Bjarnason sat hjá.

18. Samningur við Landbótafélag um landbótaverkefni. Samningur samþykktur. Sveitarstjóra falið að undirrita samning fyrir hönd sveitarfélagsins.

19. Umsögn um frumvarp nr. 147 um húsaleigubætur námsmanna. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur heilshugar undir frumvarpið.

20. Greinargerð frá nefnd um friðlýsingu Kerlingafjalla. Bréf frá Sigprúði Jónsdóttur fulltrúa sveitarfélagsins í vinnuhóp um friðlýsingu lands í Kerlingafjöllum. Lagt fram og kynnt.

Mál til kynningar:

- A. Frumvarp til laga um lífsýnasöfnun.
- B. Umsögn um breytingar á Barnaverndarlögum.
- C. 810 fundargerð Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
- D. Virkniúrræði. Félagsþjónusta.
- E. Viðbótarframlag til rekstrarsjóðs fatlaðra.
- F. 158. Fundur Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands.
- G. 153. Fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- H. Íþróttasamstarf Hrunamanna og Skeið og Gnúp.
- I. Minnisblað í kjölfar þjóðhagsspár
- J. Frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.
- K. Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga. Bréf sent öllum sveitarfélögum
- L. Deiliskipulag um Skálholt
- M. Skil á fjárhagsáætlun. Bréf frá Innanríkisráðuneyti.
- N. Gögn frá Túni Vottunarstofu
- O. Frumvarp til laga um plastpokanotkun.
- P. Frumvarp til laga um seinkun klukkunnar.
- Q. Svar frá ESA vegna ljósleiðara.
- R. Áskorun frá Bárunni.
- S. Skýrsla sveitarstjóra

Fundi slitið kl 16:20.

Næsti fundur ákveðinn 07. janúar næstkomandi.

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli.
Hruna-, Hrepphóla-, Stóra-Núps- og Ólafsvallasóknum.



Nú árið er liðið í aldanna skaut og aldrei það kemur til baka. Þessar línur þekkir hvert mannsbarn, upphafsorðin í áramótasálmi sálmaskáldsins, prestsins, prófastsins og vígslubiskupsins á Stóra-Núpi, Valdimars Briem.

Þessi sálmur er líkt og þjóðsöngurinn okkar, sem einnig er í grunninn sálmur, þjóðareign, hluti af okkar menningararfi, hluti af þeim fjölmörgu þáttum sem gerir okkur að þjóð. Sterkustu þættir í þeim vef er tungumálið og trúin.

Á öllum öldum hefur verið til fólk sem tekið hefur trú sína mis hátíðlega og sömuleiðis hefur líka fyrirfundist fólk sem gerir mismikið úr gildi þess að tala hér sérstakt tungumál. Þetta er einfaldlega hluti hins svokallaða samfélagssáttmála sem skilgreinir íslenska þjóð.

Um leið vitum við vel að margir kunna ekki íslensku og margir hafa aðra trú eða enga. Því skýtur það nokkuð skökku við þegar sjálfskipaðir mannréttindaspekingar rísa upp og vilja undanskilja hluta þessa sáttmála og það sem merkilegt er, margir gleypa málflutning þeirra gagnrýnislaust.

Þetta eru svona smá vangaveltur í upphafi nýs árs. Við vonum og biðjum þess að það verði okkur gott og gjöfult.

Barnastarf

Nú fer barnastarfið aftur af stað og verður eins og áður staðsett í Hrepphólum en það er sá kirkjustaður sem er næst því að vera miðsvæðis í prestakallinu og aðstaðan þar sömuleiðis góð. Nú hefur kirkjan eignast skjávarpa og þá opnast möguleikar á því að nota fjölbreyttara efni. Þetta byrjaði síðasta sunnudag þann 12. janúar og heldur svo áfram næstu sunnudaga.

Helgihaldið framundan

19.janúar kl.16:00, Barnastarf í Hrepphólum fyrir allar sóknir.

26.janúar kl.11:00 messa í Hrunakirkju, kór eldri borgara leiðir söng.

26.janúar kl.14:00 messa í Stóra-Núpskirkju.

26. janúar kl.16:00, Barnastarf í Hrepphólum fyrir allar sóknir.

2. febrúar kl.16:00 barnastarf í Hrepphólum fyrir allar sóknir.

Með góðri kveðju og ósk um Guðs blessun.

Eiríkur Jóhannsson.





Félagsvist í Brautarholti!

Ungmennafélag Skeiðahrepps stendur fyrir þriggja kvölda félagsvist í Brautarholti.

Spilakvöldin verða sem hér segir.

Föstudagskvöldið 31. janúar

Föstudagskvöldið 07. febrúar

Föstudagskvöldið 14. febrúar

Byrjum stundvíslega kl 20:00.

Spilakortið kostar kr. 500 og veglegir vinningar eru í boði.

Vonumst til að sjá sem flesta, unga sem aldna, koma og spila félagsvist í góðum félagsskap. Umf. Skeiðahrepps.



KANNT ÞÚ SKYNDIHJÁLP?

Inni á nýrri heimasíðu **Rauða krossins á Íslandi**

<http://www.raudikrossinn.is/>

sem forseti Íslands opnaði í desember s.l.

eru fróðlegar upplýsingar um starf þessara alþjóðlegu

samtaka sem Rauði krossinn er. Á slóðinni

http://www.raudikrossinn.is/page/rki_hvad_skyndihjalp_prof

er að finna fimmtán spurningar sem hjálpa fólki að átta sig á skyndihjálparkunnáttu sinni.

Rauði krossinn á Íslandi verður 90 ára á þessu ári og í tilefni að þeim tímamótum verður útbúið skemmtilegt, fræðandi efni fyrir alla aldurshópa og margt fleira.

Kíkið á heimasíðuna þar er margt fróðlegt að sjá!

Mbkv. khg.

KYNNINGARBRÉF.

(Verkefnisstjóri er Þórarinn Egill Sveinsson, thorarinn@sudurland.is ; sími hjá SASS er 482 8200.)

“Hinn árlegi Suðurlandsskjálfti”

Um mánaða mótin mars/apríl 2014 stendur til að blása til mikilla hátíðarhalda á Suðurlandi . Til að vel takist til er nauðsynlegt að allir leggist á eitt, taki vel á móti gestum og gangandi, setji af stað sem flest verkefni og sýni með stolti, hógværð og festu, þann kraft og dugnað sem einkennir atvinnu- og mannlíf á Suðurlandi.

Samtök Sunnlenskra Sveitarfélaga og Markaðsstofa Suðurlands hafa frumkvæðið að átakanu og nýta til þess fjármuni úr Sóknaráætlun Suðurlands. Þeir fjármunir verða nýttir til auglýsinga og markaðsherferðar og til að virkja sem flesta til að sækja Suðurland heim. Einstaklingar, félagasamtök, sveitarfélög og fyrirtæki geta nýtt sér markaðsátakið til að koma sinni starfsemi á framfæri, á sínum eigin forsendum.

Megininntakið í átakanu er : **Matur – Saga – Menning**. Af nógu er að taka á Suðurlandi og því er hér kærkomið tækifæri, til að lengja ferðamannavertíðina og koma öllum leyn-darmálum Suðurlands á framfæri. Markhópurinn að þessu sinni er Íslendingar og Sunnlendingar sjálfir. Á Suðurlandi eru mörg leyndarmál, sem eru vel þess virði að deila með náunganum - en “leyndarmál” - er einmitt boðskapur ársins í herferð Íslandsstofu, “Ísland allt árið” á þessu ári. Með því að blása í herlúðra sunnlendinga samtímis, er vonandi hægt nýta fjármagn eins vel og kostur er og ná samlegð milli verkefna.

Fyrirmyndir að svona verkefnum eru víða og hefur það reynst vel að virkja sem flesta aðila til að vera með, en algjörlega á forsendum hvers og eins. Þannig eru engin þátttökugjöld, kvaðir eða aðrar skyldur, sem lagðar eru á þátttakendur í verkefninu.

Hver og einn ræður hvernig komið er að því og hvað mikið er lagt í verkefnið. Og hvað á svo eiginlega að gera ? Raunar eru engin takmörk á því, en hér koma nokkur möguleg dæmi til að örva hugmyndaflugið : Tíboð á veitingastöðum og sérmatseðlar - tveir fyrir einn í helgargistingar; - ókeypis í sund milli 06 og 09 alla daga – sérstakar listsýningar – tónleikar – skólaskemmtanir – vörutilboð á sunnlenskum vörum í ver-slunum – lengdur opnunartími verslana – ókeypis í strætó – tilboð í hestaleigunni – bí-óvika á Selfossi – hátíðarfundur stjórnar SASS á Þingvöllum – eldmessa á Kirkjubæjarklaustri – afsláttur í Herjólf og fyrsta golfmót ársins í Vestmannaeyjum – árgangamót í fótbolta í Bárinni á Hornafirði ...og svona er endalaust hægt að halda áfram.

Nú er bara að láta hugann reika og ákveða hvað gera skal í lok mars á næsta ári. Um að gera að dreifa þessum upplýsingum sem víðast og virkja áhuga og hugmyndir sem flestra. Á næstu vikum munum við reyna að hafa samband við sem flesta og ræða verkefnið betur. Velkomið er líka að hafa samband við einhvern úr stýrihópnum og ko-ma með hugmyndir.

Í stýrihóp verkefnisins eru : Þorvarður Hjaltason, thorvard@sudurland.is ; Gunnar Þorgeirsson, oddviti@gogg.is ; Þórarinn E. Sveinsson, thorarinn@sudurland.is ; Dorothee Lubecki, doro-thee@sudurland.is ; Ásborg Arnþórsdóttir, asborg@ismennt.is ; Davíð Samúelsson, da-vidsam@south.is ; Ingunn Jónsdóttir, ingunn.jonsdottir@matís.is ; Fanney Björg Sveinsdóttir, fanney@sudurland.is ; Eiríkur Vilhelm Sigurðsson, eirikur@vik.is ;

Drög að viðburðadagatali í Uppsveitum Árnessýslu 2014

Mars-Apríl

Nýr viðburður/kynningarátak á Suðurlandsvísu með vinnuheitið

„**Suðurlandsskjálftinn 2014**“ 28.mars - 6.apríl. Uppsveitirnar eru aðilar og öllum fyrirtækjum er frjálst að taka þátt.

Áhersla á mat og menningu. Alls kyns viðburðir, uppákomur og tilboð kynnt sameiginlega.

Júní

Gullspretturinn árvisst hlaup í kringum Laugarvatn

Júlí

Skálholtshátíð 19.- 20. júlí

Sumartónleikar í Skálholti í júlí og byrjun ágúst.

Gullhringurinn hjólreiðakeppni 17. 7 Þingvellir 19. 7 Laugarvatn

Bylgjulestin/Tjúllum og tjei á Flúðum ódagsett

Ágúst

Traktorstorfæra og Furðubátakeppni á Flúðum 2.8 -3.8

Grímsævintýri á Borg 9.8

„Tvær úr Tungunum „ Biskupstungum sveitahátíð 16.8

September

Uppskeruhátíð á Flúðum og nágrenni 6.9

Uppsveitahringurinn hlaupið og hjólað 6.9

Nóvember

Safnahelgi á Suðurlandi fyrstu helgi í nóvember árlega

Á sumrin er skipulögð dagskrá á ýmsum stöðum:

Í Þingvallabjórðgarði fræðslugöngur www.thingvellir.is

Á Sólheimum Grímsnesi Menningarveisla www.solheimar.is

Í Skálholti Sumartónleikar www.sumartonleikar.is

Menningarklasinn Upplit stendur fyrir viðburðum www.upplit.is

Gullkistan , dvalarstaður fyrir skapandi fólk www.gullkistan.is

Í Hrunamannahreppi eru skipulagðar gönguferðir www.fludir.is

Auk þess brydda ferðapjónustuaðilar upp á ýmsum viðburðum allt árið.

Upplýsingar um allt sem er á döfinni er sett inn á www.sveitir.is jafnóðum og upplýsingar berast. Allar upplýsingar vel þegnar,

góðar kveðjur asborg@ismennt.is 480 3009 og 898-1957

Mynd úr Skaftholtsréttum árið 1957 sem Sverrir Scheving Thorsteinson tók. Velunnari Fréttabréfsins hafði samband út af þessari mynd og heldur sig þekkja manninn með hattinn! Gæti þetta verið hann Halldór fyrrum bóndi í Heiðarbæ í Flóa?



Hallærisleir huldumannsins!

Ritstjóra bárust þessar vísur og höfundurinn virtist vera algjörlega hulinn og var málið því lagt fyrir ábyrgðarmann blaðsins og spurt hvort birta mætti slíkan kveðskap... og þá gaf hann sig og gekkst við vísunum.

Sem sagt, sveitarstjórinn sjálfur!
Hleypt í gegn til gamans. ☺

Persónur í potti sitja og á sér léttu um pólitík og vonir, þrá og veður. Fremsta miðstöð sveitarinnar fréttu, forstjórinn með harmonikkunni gleður.

Þú tæpast mátt af tíðindunum missa taktu rögg og kíktu í pottinn varma. Ég held þú munir verða býsna hissa hve heita vatnið göfgar anda og arma.

Fatamarkaðurinn í Bugðugerði 7b, Árnesi!

Til sölu "Second hand" A flokkur af fötum á konur, karla og krakka! - Eitthvað handa öllum!

Tvö verð á barnafötunum kr. 500,- og 1.000,-

Fullorðinsstærðir kr. 1.500,- stk.

Kannski gott að hringja áður ef þið viljið kíkja en ég er yfirleitt heima. S.663-0289.



Er að leita mér að vinnu eftir 10. febrúar.

Er ferðamálafræðingur og er núna í fjarnámi á skrifstofubraut við Menntaskólann í Kópavogi. Tala ensku, spænsku og íslensku.

Ferilskrá fyrir hendi. Netfang: jorundurtadeo@gmail.com

Með góðri kveðju.

Irma Eliza Diaz Cruz, Bugðugerði 7b, Árnesi.

Endurnýjun á umsókn um húsaleigubætur !

Við viljum minna á að sækja þarf um **húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár** og gilda umsóknir til áramóta skv. 10. gr. laga um húsaleigubætur og skv 11. grein sömu laga skulu umsókn fylgja eftirtalin gögn:

- Leigusamningur gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur. (Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga)
- Staðfest afrit af síðasta skattframtali umsækjanda eða varanlegur veflykill vegna allra þeirra sem lögheimili og/eða aðsetur eiga í íbúðinni.
- Launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölulið og barna sbr. 1. mgr. 9.gr. fyrir þrjá síðustu mánuði.
- Önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls, aðstæðum og atvikum kunna að kalla á.
- Staðfesting skóla vegna náms umsækjanda.

Hægt er að lesa löginn í heild inn á heimasíðu Velferðaráðuneytisins <http://www.velferdarraduneyti.is/>

Við viljum því benda þeim einstaklingum á sem fá greiddar húsaleigubætur að þeir þurfa að endurnýja umsóknina sína fyrir 31. janúar 2014.

Sveitarstjóri.



Vantar þig gjöf?

Handa frúnni, dótturinni, mömmu, ömmu eða tengdó?

Hef eitthvað til handa þeim öllum.

Handunnir skartgripir úr minkaskinni og roði.

Einnig til perlusaumað jólaskraut.

Hafið samband í síma 486-6047 eða 898-6047.





Brunavarnir í dreifbýli!

Athugið.

Breytt fyrirkomulag 1. jan. 2014

Kynntar eru nú breytingar á þjónustu vegna slökkvitækja og reykskynjara í íbúðarhúsnæði í dreifbýlinu.
Breytingar þessar tóku gildi 1. janúar 2014.

Breytt fyrirkomulag:

Lögð verður áhersla á eigið eftirlit, þ.e.a.s. eigendur mannvirkja huga meir en verið hefur að eigin eftirliti.

- Dregið verður úr ferðum á hvern bæ.
- Eigendur slökkvitækja eru beðnir (hvatir) til að koma með slökkvitækin sín á þjónustustöð slökkvitækja, SPS, í slökkvistöðina við Árveg 1 Selfossi.
- Í þjónustustöð fá húseigendur skiptitæki og rafhlöður.

Fylgst verður með eftirlitinu og haft persónulegt samband við þá sem þurfa aðstoð við verkefnið.

Við gerum okkur grein fyrir að þessi breyting á fyrirkomulagi getur reynst harkaleg þar sem fasteignaeigendur hafa fengið heimsókn ár hvert varðandi brunavarnaþáttinn.

Þessi breyting reynist okkur nauðsynleg þar sem allt rekstarumhverfi hefur tekið breytingum. Besta forvörnin er að við sjálf hugum að eigin eftirliti, á þeim nótum höfum við unnið saman og munum gera það áfram.

Upplýsingar er á heimasíðu [BÁ](http://BA.babubabu.is), WWW.babubabu.is eða hafið samband við okkur í síma 4-800-900 Með kveðju frá Brunavörnum Árnessýslu.

Nudd—Nudd—Nudd!


Verð í Brautarholti næstu fimmtudaga.

Nánari upplýsingar í síma 4866081 eða 8650329

Kveðja, Kristín Laxárdal.

Á bak við eldavélina

Það er Ingvar Þrándarson, eldgrillarinn í Þrándarholti sem leyfir okkur að skyggjast yfir öxlina á sér við eldamennskuna þennan mánuð.



Sæl verið þið öll!

Ég tek áskoruninni frá Tóta og kem hér með eina uppskrift úr fórum mínum. Ekkert er eins uppbyggilegt og að elda góðan mat fyrir fjölskylduna. Því kem ég hér með aðferð við að eldgrilla pylsur, en þessi réttur fellur ávallt í góðan jarðveg hjá börnunum.

Eldgrillaðar pylsur

Það er mikið vandaverk að grilla góðar pylsur. Best er að notast við SS-pylsur, þessar venjulegu.

Byrjið á því að kveikja á grillinu og bíða eftir því að það sé orðið heitt. Á meðan opnar maður bjórinn. Næst er að opna pylsupakkann og skella pylsunum á grillið. Eftir ca. 2 mínútur, fer eftir hitastigi, þarf að snúa pylsunum. Þá er einnig hæfilegt að setja pylsubrauðin á grillið, en það er afar áríðandi til þess að rétt bragðgæði náist á máltíðina. Brauðin mega þó ekki vera of lengi á grillinu, en þar verður hver og einn að treysta á sína eigin dómgreind. En nú kemur það mikilvægasta:



Til þess að fá fullkomið grillbragð þurfa pylsurnar að springa og þá eru þær tilbúnar.



Pylsurnar eru nú settar á fallett fat ásamt pylsubrauðunum.

En ekki er öll sagan sögð. Á meðan öllu þessu stendur er mikilvægt að eftirfarandi sé fundið til:

Tómatsósa, sinnep, steiktur laukur og helst remúlaði. Best er að fá einhvern annan í þennan hluta matargerðarinnar.

Ómissandi er að drekka mjólk með grilluðum pylsum!

Einnig ætla ég að láta fljóta með súkkulaði músina sem við gæddum okkur á nú um áramótin:

Súkkulaði mús

1 dolla íslenskur mascarpone-ostur frá ms (250 gr.)

60 gr. sykur

100 gr. suðusúkkulaði

2-3 msk. síróp (eða eftir smekk)

¼ líter (a.m.k.) rjómi



1. Setjið örlítinn slurk af rjómanum í pott, og brjótið súkkulaðið þar ofan í. Þetta er brætt við vægan hita og síðan látið kólna smá.
2. Hrærið ostinn og sykurinn vel saman í hrærivél.
3. Þeytið afganginn af rjómanum (e.t.v. er betra að hafa heldur meira af rjóma – en fer eftir smekk)
4. Þegar súkkulaðið er bráðið er sírópinu hrært saman við. Þá er hellt úr pottinum í mjórri bunu ofan í skálina með ostinum og sykrinum, og hrært á meðan.
5. Þá er bara eftir að blanda rjómanum saman við með sleikju. Fyrst er e.t.v. gott að smakka til – sumir vilja e.t.v. nota meira síróp.
6. Gott er að setja þetta beint í skálar eða falleg glös og kæla í ísskáp.

Ég ætla að skora á Oddgeir Eiríksson að hripa niður á blað fyrir okkur eitthvað af afrekum sínum en ég heyrði um daginn að hann væri mjög liðtækur í eldhúsinu.

Kveðja.

Ingvar Þrándarson.



Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási
480-1180 Fax: 480-1181 www.laugaras.is
Félagsmálastjóri: María Kristjánsdóttir

Þjósárdalur og afréttakortið til sölu!

Mynddiskurinn um Þjósárdal eftir þá Ara Trausta Guðmundsson og Valdimar Leifsson. Kr 1.500,-

Afréttakortið, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna eykur öryggi og er ódýrt, aðeins 500,- Fæst á skrifstofunni.

Posi á staðnum! ☺



Smárafréttir

Janúar 2014



**Aðalfundur Smára
Félagsheimilinu á Flúðum
mánudaginn 20. janúar 2014 kl. 20.30**

Dagskrá fundarins :

1. *Framlagðir endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðast ár til úrskurðar.*
2. *Stjórn leggur fram skriflega yfirlitsskýrslu um starfssemi félagsins á liðnu ári.*
3. *Kosning stjórnar og varastjórnar.*
4. *Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.*
5. *Önnur mál.*

Vonumst til að sjá sem flesta - Stjórnin



NÝIR FÉLAGAR

Nú þegar vetrarstarfið er að fara í gang viljum við nýta tækifærið og bjóða alla þá sem hafa áhuga á að taka þátt í störfum félagsins velkomna. Rétt er að benda á þá vinnureglu stjórnar að nýir félagar teljast ekki gjaldgengir á mótum eða öðrum viðburðum í nafni félagsins fyrr en að 30 dögum liðnum frá umsókn um inngöngu í félagið. Umsókn má senda á smari@smari.is eða með því að hafa samband við einhvern í stjórninni.

ÞAÐ SEM M.A. ER FRAMUNDAN:



20. JANÚAR	ADALFUNDUR
08. FEBRÚAR	ÚRTAKA FYRIR UPPSVEITADEILD
15. FEBRÚAR	1. VETRARMÓT
21. FEBRÚAR	FJÓRGANGUR UPPSVEITADEILD
08. MARS	UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR
15. MARS	2. VETRARMÓT
28. MARS	FIMMGANGUR UPPSVEITADEILD
05. APRÍL	3. VETRARMÓT
16. APRÍL	SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT SMÁRA, LOGA OG TRAUSTA
19. APRÍL	UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR
25. APRÍL	TÖLT OG SKEIÐ UPPSVEITADEILD
01. MAÍ	FIRMAKEPPNI
04. MAÍ	UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

Inn í þetta mun bætast smám saman tímasetningar á reiðnámsskeiðum, fyrir börn og fullorðna sem og aðrir viðburðir sem ákveðnir verða svo fylgist vel með og hvetjum við alla til að skipuleggja sig tímalega og taka þátt í viðburðum hestamannafélagsins.

PÓSTLISTI—HEIMASÍÐUR

Ef þið hafið áhuga á að fá reglulegar fréttir og tilkynningar hvað er um að vera eða á döfinni í félagsstarfinu er upplagt að senda póst á smari@smari.is og netfangið ykkar verður sett á póstlista félagsins.

Við hvetjum ykkur einnig til að senda okkur póst með ábendingum um heimasíður félagsmanna sem hægt væri að setja tengla á á heimasíðu Smára, alltaf gaman að fylgjast með mannlífinu og hvað er um að vera í sveitunum.

facebook

Fylgist með okkur á

Minnum einnig á heimasíðuna
www.smari.is





Menn og málefni!



Þann 20. desember s.l. útskrifaðist

Gígja Sigurðarsóttir, Steinsholti 1, sem stúdent af félagsfræðibraut frá Fjölbrautarskólanum í Ármúla og þann sama dag útskrifuðust tveir nemendur héðan úr sveitinni frá Fjölbrautarskóla Suðurlands, en það eru

þær, Borghildur Einarsdóttir, Hamragerði 11, í Árnesi sem lauk stúdents-prófi af félagsfræðibraut og

Lovísa Hansen Daðadóttir, Birkikinn, en hún útskrifaðist sem stúdent af málabraut og náttúrufræðibraut. Lovísa hlaut viðurkenningar fyrir framúrskarandi námsárangur í spænsku, ástundun, áhuga og mjög góðan árangur í frönsku og ágætan árangur í dönsku. Þetta er svo sannarlega vel gert og óskum við þessum flottu stúlkum innilega til hamingju með áfangann.



Ragnheiður Másdóttir frá Háholti og Sveinn R, Ragnars-son Akurnesi 2, Höfn eignuðust stúlku þann 18. október s.l. Hún vó 3.790 gr. og var 51 cm. Fjölskyldan býr að Akurnesi 2 og litla stúlkan hefur fengið nafnið Auður en fyrir eiga þau þriggja ára stúlku sem heitir Björg.

Þann 4. janúar eignuðust þau Viktoría Ólafsdóttir og Baldvin Hróar Jónsson Brautarholti 11, stúlku sem var 3.404 gr. og 50 cm. Hún á stóran bróður sem heitir Jón Hilmar og byrjar í grunnskóla í haust. Þau eru nýflutt hingað í sveitina og bjóðum við þau hjartanlega velkomin og þá óskum við

báðum fjölskyldunum innilega til hamingju með hina nýju þjóðfélags-þegna.



Flutningaþjónusta Unnars



Brottför úr Reykjavík, Héðinsgata 1 –3

Mánudaga — föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Flutningaþjónusta Unnars. Sími 856-1580

Körfuboltaæfingar í Árnosi

Nú er körfuboltaæfingarnar að hefjast í Árnosi hjá

UMF Gnúpverja. Æfingar eru á fimmtudags-

kvöldum kl. 20:30.

Nýjar körfur.

Allir velkomnir - konur og karlar!

UMFG.



Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá

Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minnum einnig á bjöllurnar sem prýddar eru myndum af báðum kirkjum sveitarfélagsins. Þær fást hjá Kristjönu Hraunteigi, sími 863-9518 - á kr. 1.500,- stk.



53. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi þriðjudaginn 7. janúar 2014 kl. 13:00.

Mættir til fundar : Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson og Einar Bjarnason en hann mætti í forföllum Hörpu Dísar Harðardóttur. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Björgvin Skafti oddviti setti fund. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð. Svo reyndist ekki vera.

1. Atvinnumálastefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Finnbogi Alfreðsson ráðgjafi hjá SASS kynnti vinnu við verkefnið. Lögð var fram skýrsla 1. áfanga verkefnisins. Finnbogi hefur annast vinnu við mótun atvinnustefnunnar. Vinnan hófst í ágúst 2013. Hann hefur aflað upplýsinga varðandi atvinnulíf og tekjugrunn í hreppnum og tekið viðtöl við nokkurn hóp íbúa. Tveir 5 manna hópar voru skipaðir í hugmyndavinnu tengda umræddu verkefni. Finnbogi stýrði ásamt Þórarni Sveinssyni fundi með þeim hópum í nóvember s.l. Þar var meðal annars fjallað um kosti, galla, ógnanir og tækifæri í sveitarfélaginu. Með framtíðarsýn í huga. Unnið verður áfram að mótun atvinnustefnunnar. Talsverðar umræður urðu meðal fundarmanna um verkefnið.
2. 66. fundargerð Skipulags-og bygginganefndar. Mál nr. 3 var lagt fram til kynningar.Mál nr. 5,15 og 16 þörfnuðust staðfestingar.

Mál nr. 5

Álfsstaðir - Engjateigur

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að þrjár lóðir verði samþykktar úr landi Engjateigs landnr. 216466 með vísan í 48. Grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 15.

Aðalskipulagsbreyting. Stækkun Búrfellsvirkjunar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að kynna umrædda breytingu Aðalskipulags samkv. 3 mgr. 40 gr skipulagslaga nr. 123/2010 og leita umsagnar Skipulagsstofnunar, Rangárþings ytra, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Vegagerðar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Landsnets.

Mál nr. 16

Stóri- Núpur – Frístundahús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að lýsing deiliskipulags fyrir frístundahús verði kynnt skv. 3 mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og sent verði til Skipulagsstofnunar með fyrirvara um að í lýsingunni komi fram upplýsingar um áhrifasvæði fyrirhugaðs minkabús á spildu úr landi Ása sem þegar er í ferli skv. ákvæðum skipulagslaga.

3. Tillaga að deiliskipulagi vegna minkabús tekin til afgreiðslu.
Lögð fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að deiliskipulagi fyrir minkabú á spildu úr landi Ása. Kynningin var tvíþætt. Fyrst var sent út dreifibréf til allra íbúa sveitarfélagsins þar sem auglýst var að tillagan væri til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins 27. nóvember þar sem skipulagsfulltrúi væri til staðar til að svara spurningum auk þess sem gögn málsins voru aðgengileg á heimasíðu skipulagsfulltrúa. Til að kynna málið hagsmunaaðilum utan sveitarfélagsins var birt auglýsing í Dag-skránni og Fréttablaðinu þann 12. desember 2013 og gögn málsins gerð aðgengileg, útprentuð, á skrifstofu sveitarfélagsins frá 13. til 20. desember auk þess sem hægt var að nálgast þau rafrænt á heimasíðu skipulagsfulltrúa fram að sveitarstjórnarfundi 7. janúar 2013. Ein skrifleg athugasemd barst, með tölvupósti frá Valdimari Jóhanssyni dags. 6. janúar 2013 þar sem athugasemdir frá 15. september 2013 eru ítrekaðar.
Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu.
Björgvin Skafti Bjarnason, Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason og Einar Bjarnason samþykktu tillöguna. Gunnar Örn Marteinsson greiddi atkvæði gegn tillögunni og vísaði hann til þeirra bókana sem hann hefur áður lagt fram vegna málsins.
4. Tillaga Umhverfis- og auðlindanefndar um friðun Þjósárver.
Umhverfisstofnun sendi bréf til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 27. desember 2013 varðandi breytingu á friðlýsingarmörkum Þjósárvera. Samsvarandi bréf var einnig sent til Sveitarstjórnar Ásahrepps.
Björgvin Skafti Bjarnason lagði fram eftirfarandi bókun:
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur að ekki sé hægt að fjalla um breytingar á friðlandsmörkum Þjósárvera. Sbr. tillögu umhverfisráðherra frá 27. des 2013, fyrr en fram hafa komið tillögur Verkefnisstjórnar um vernd og orkunýtingarmörk þess svæðis sem fer í verndarflokk. Sbr. Lög nr. 48/-/2011. Ekki eru gerðar athugasemdir við friðlýsingarskilmálana frá 21. júní 2013 að því gefnu að tryggt veðri fjármagn til að fylgja þeim eftir sbr. Viðauka þar um.
Gunnar Örn Marteinssonar tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun: Það má segja að öll umræða undanfarinna ára um stækkun friðlandsins í Þjósárverum hafi snúist um svokallaða Norðlingaölduveitu frekar en almenn verndarsjónarmið, það er vægast sagt skondið að sjá og heyra starfsfólk Umhverfisstofnunar og Umhverfisráðuneytis sem fyrir nokkrum mánuðum lagði áherslu á að friðlandsmörkin lægju þannig að útilokað væri að fara í

veituframkvæmdir á svæðinu, skuli nú mæla með því að mörkin verði færð þannig að möguleiki sé á að fara í þá framkvæmd í framtíðinni án þess að breyta friðlandsskilmálum. Í rammaáætlun um verndun og nýtingu orkukosta er Norðlingaölduveita sett í verndarflokk að því að talið var, nú hefur hinsvegar tekist að túlka þá ákvörðun á þann veg að vafi sé á að svo sé. Sé það stefna stjórnvalda að heimila Norðlingaölduveitu tel ég nauðsynlegt áður en friðlandsmörk verða ákveðin með þeim hætti sem hér er lagt til, verði að lögum um rammaáætlun, breytt þannig að ljóst sé að stefnt sé að því að fara í veituframkvæmdir á svæðinu, áður en slík ákvörðun er tekin þarf að gera umhverfismat fyrir framkvæmdina og jafnframt þarf að leggja fyrir hvaða áhrif framkvæmdin hefði á rennsli Þjórsár neðan fyrirhugaðrar veituframkvæmdar. Með þessari tillögu að breyttum friðlandsmörkum er í raun verið að leita samþykkis sveitarstjórna fyrir veituframkvæmdum á svæðinu, til þess að geta tekið afstöðu til þess verða að leggja fyrir upplýsingar um framkvæmdina og áhrif hennar. Gunnar Örn Marteinnsson.

Tillaga:

Þar til þessi mál eru komin á hreint leggur sveitarstjórn til að frestað verði að stækka friðlandið, meginhluti Þjórsárvera er nú þegar friðland og ekki eru nein svæði í hættu þó svo að stækkun svæðisins frestist eitthvað.

Tillaga samþykkt með öllum atkvæðum sveitarstjórnar.

5. Bændur græða landið. Beiðni um styrk. Landgræðsla ríkisins sendi beiðni til sveitarstjórnar um styrk að fjárhæð 48.000 kr eða 6.000 kr á hvern þátttakanda í verkefninu í sveitarfélaginu. Beiðnin samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu. Gunnar Örn Marteinnsson, Oddur Bjarnason, Einar Bjarnason og Jón Vilmundarson samþykktu en Björgvin Skafti Bjarnason greiddi atkvæði gegn beiðninni.
6. Snorraverkefnið. Beiðni um styrk. Beiðni hafnað.
7. Matarsmiðjan. Framlenging samnings til eins árs samþykkt.
8. Samstarf við Hrunamenn vegna íþróttar. Drög að samningi. Samningur lagður fram. Afgreiðslu frestað.
9. Samningur við Landbótafélagið. Samningur staðfestur.
10. Samningur um skóla- og velferðarþjónustu ásamt erindisbréfum. Samningur og erindisbréf staðfest. Fundargerð NOS lögð fram og kynnt.
11. Veidiréttur í Fossá. Samningur við Hreggnasa um veiði í Fossá og Rauðá er úr gildi fallinn vegna vanefnda. Samþykkt samhljóða að bjóða að nýju út veiði í Fossá og Rauðá. Sveitarstjóra falið að annast útboðið.
12. Gjaldskrá Fráveitu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

13. Fundargerð Velferðarnefndar Árnesþings. Fundargerð lögð fram og kynnt.
14. Samningur um snjómokstur. Samningur við Strá ehf og Georg Kjartansson um snjómokstur til 15 apríl 2014 lagður fyrir. Samningur staðfestur.
15. Ábyrgð sveitarfélagsins vegna lántöku Fjarskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjóri sagði lauslega frá fjármálum Fjarskiptafélagsins. Sveitarstjórn samþykkir ábyrgð sveitarfélagsins 35.000.000 kr skuldabréfi til 25 ára. Heildarskuldir Fjarskiptafélagsins nema nú 40.000.000 kr. og eru í formi yfirdráttarláns.
Áðurnefnt skuldabréf kemur til lækkunar yfirdráttarlánsins. Eftir standa 5.000.000 kr af þegar veittu yfirdráttarláni. Sveitarstjóri sagði að til þess gæti komið að hækka þyrfti tímabundið yfirdráttarlán um 4.000.000 kr. Heildarskuldir félagsins yrðu því allt að 44.000.000 kr.
Sveitarstjórn samþykkir ábyrgð sveitarfélagsins á allt að 9.000.000 kr yfirdráttarláni til 01. apríl 2014.
16. Fundargerð Atvinnu-samgöngu og fjarskiptanefndar 02.01.2014. Fundargerð lögð fram og kynnt.

Mál til kynningar:

- A. Ályktanir á þingi Kennarasambands Suðurlands.
- B. 232. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands.
- C. 475. Fundur stjórnar SASS.
- D. Hinn árlegi suðurlandsskjálfti.
- E. 159. Fundur Skólaskrifstofu Suðurlands.
- F. 811. Fundur Sambands Ísl.svf.
- G. Þingskjöl 386 og 387 breyting hámarksútsvars.
- H. Viðbótarframlag Tónlistarskóla Árn.
- I. Stjórnsýsluskoðun KPMG
- J. Reykholt Hugmyndavinna
- K. Fundargerð. Háskólafélag Suðurlands.
- L. Umsögn Samb.Ísl.svf. um frumvarp um meðhöndlun úrgangs.
- M. Verkefnayfirlit sveitarstjóra.

Fundi slitið kl 16:40.

Næsti fundur ákveðinn 04. febrúar næstkomandi.



Kynnið ykkur fjöl-
breytta viðburðadag-
skrá á www.upplit.is
allir velkomnir!



Heilsulind frá landnámi

Opnunartími í vetur er frá 11–21 alla
daga vikunnar.

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér
að ná jafnvægi!

<http://www.fontana.is/is>

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ: VIRKA DAGA 9 -18

LAUGARDAGA 11-14



Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Gleðilegt nýtt ár

Um leið og við þökkum ánægjuleg viðskipti á liðnu ári þá viljum við minna á að Landstólpi hefur uppið að bjóða fjölbreytt úrval af: stein- og bætiæfnum, kúafóðri, kálfafoðri, hestafóðri, vatnsdöllum og vatnskörum, milligerðum, átgrindum, steinbitum, girðingarefni, hreinlætisvörum fyrir fjós og heimili, rúlluplasti, stæðuplasti, sáðvöru, o.fl

Vonumst til að eiga ánægjuleg samskipti á árinu 2014

Janúartilboð á Josera Supramil kálfamjólkurdufti



Þú kaupir 10 poka af Supramil kálfamjólkurdufti og færð 11. pokann frian

+ = 11



*Verð miðast við 140 gr í líter af vatni
= 125 gr. l/mjólk og er án vsk

**Verð pr/líter
af kálfamjólk
kr. 39,-*
án vsk.**

Saltsteinn Natur 10 kg.



Hreint salt sem uppfyllir
saltþörf alls búfjár

Steinefnafata Universal-Schale



15 kg.

Steinefna- og bætiæfna fata
með háu Selen innihaldi
sem hentar sérlega vel fyrir
sauðfé en einnig fyrir
nautgripi og hross.

Saltsteinn Plus 10 kg.



Saltsteinn með viðbættu
magnesium, mangan,
zink, kóbalt og seleni

Steinefnafata Mineraleimer



25 kg.

Steinefna- og bætiæfna fata með
háu Selen innihaldi sem hentar
sérlega vel fyrir nautgripi og hross.

Steinefnablokk- Uniblock 10 kg.



Steinefna- og bætiæfna
blokk með háu Selen
innihaldi sem hentar fyrir
nautgripi, hross og
sauðfé.

Steinefnafata Phosphoreimer



20 kg.

Steinefna- og bætiæfna fata
sem hentar sérlega vel fyrir
kúr í geldstöðu. Hátt innihald
á magnesium og D3 vitamini
eykur kalkupptöku við burð.
Inniheldur kopar og hentar
því ekki sauðfé.

SUEVIA vatnsdallar og vatnstrog



SU1000120
Vatnsd. grænn -
gæðaplast



SU1000066
Vatnsd. svartur
plasthúðað stál



SU1001210
Vatnsd. Grænn,
Stór/plast



SU1001200
Vatnsd. stór
Ryðfírl.



SU1600104
Drykkjarkar 400L



SU1600102
Drykkjarkar 80 L



SU1000130
Vatnsd.
Grænn
m/loth.



SU1000033
Vatnsd. Svartur
m/lotholti.



SU1000041
Vatnsd. grænn
m/tungu og hita



SU1310513
Flotholt í húsi
f/drykkjarkar



SU1000545
Vatnsd. m/dælu
fyrir beitarhöf



Vatnskar veltanlegt
m/gölf-eða veggfest.



Gunnbjarnarholli,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Opnunartími sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



Neslaug

S: 486-6117

Þriðjudaga: 18 — 22

Laugardaga: 11 — 16



Skeiðalaug

S: 486 5500

Fimmtudaga: 18 — 22

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri og 67 ára og eldri
sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

Hætt er að selja ofan í laugarnar hálf tíma fyrir lokun.

Það er aðeins 10 mínútna akstur á milli lauganna.



Umsjónarmaður
Eypór Brynjólfsson



Gleðilegt nýár!